

Fjölmennt á Kirkjubæjarklaustri í blíðskaparveðri



Góð aðsókn var á tjaldsvæðinu að Kirkjubæ II á Kirkjubæjarklaustri um síðustu helgi. Íslendingar voru margir hverjir á faraldsfæti, enda lét sólin loksins sjá sig á veðurkortunum og áætla útitekni gestir að hitinn hafi farið upp að 19 gráðum á Klaustri um helgina. Að sögn Benedikts Lárussonar, rekstraraðila tjaldsvæðisins á Kirkjubæ II, fór helgin vel fram og áætla hann að gestir tjaldsvæðisins hafi verið í kringum 350 talsins. „Venjulega sjáum við ekki svona tölu fyrir en eftir 17. júní, en á bestu dögum sumarsins geta heimsóknatölurnar farið upp í 8-900 manns,“ segir Benedikt. Benedikt er bjartsýnn á gott sumar og minnst á að bókanir í smáhýsin á tjaldsvæðinu gangi mjög vel. Mynd: Dagskráin/BRV

Stekkjaskóli vígður við hátíðlega athöfn

Stekkjaskóli á Selfossi var formlega vígður fimmtudaginn 1. júní við hátíðlega athöfn. Það voru þau Fjóla St. Kristinsdóttir, bæjarstjóri Árborgar og Hilmar Björgvinsson, skólastjóri Stekkjaskóla, sem vígðu skólann með því að klippa á borða með hjálp tveggja nemenda. Einnig var boðið uppá ræðuhöld og tónlistaratriði frá nemendum skólans.

Skólinn hóf göngu sína í nýja

húsnæðinu 22. mars sl. en áður hafði hann starfað í tveimur bráðabirgðarhúsnæðum, fyrst á Bifröst, frístundaheimilinu við Vallaskóla og svo færanlegum kennslustofum sem voru staðsettar við hlið nýja skólans.

Um var að ræða vígslu á fyrsta áfanga skólans, sem er um 4.000 fermetrar, en í heildina verður skólinn um 11.000 fermetrar, þegar allir þrír áfangarnir eru búnir. BRV



Fjóla St. Kristinsdóttir, bæjarstjóri Árborgar, og Hilmar Björgvinsson, skólastjóri Stekkjaskóla, klipptu á borðann með hjálp tveggja nemenda. Mynd: Dagskráin/BRV

Fáðu fagmann í verkið



PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is

Árvirkinn










Velkomin í heimsókn!

Motivo

VERZLUN

Brúarstræti 3 Selfossi. S. 482 1700. Motivo.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)



SVIÐIÐ SELFOSI

HELGI BJÖRNS

& REIÐMENN VINDANNA

LAUGARDAGINN 10. JÚNÍ

MIDASALA VIÐ INNGANGINN OG Á TIX.IS

Lífríkjandi í Hveramörk

Þann 1. júní sl. opnaði Ingunn V. Sigmarsdóttir myndlistarsýningu á bókasafninu í Hveramörk sem stendur út júnímánuð. Það sem er einkennandi fyrir sýninguna er að ljóð er við hverja mynd.

Ingunn er fædd og uppalin á Borgarfirði eystra. Hún hefur unnið ýmis störf víða um

land en er nú þjóðfræðingur og grunnskólakennari sem býr og starfar á Akureyri.

Frá árinu 2014 hefur Ingunn lært olíumálun hjá Lindu B. Óladóttur, myndlistarkonu á Akureyri. Viðfangsefni finnur hún oftast í náttúru, gróðri og landslagi en lífríkið í allri sinni dýrð er henni stöðug uppspretta

margs konar sköpunar. Ekki síst hefur náttúrufegurð æskustöðvanna komið þar við sögu. Ingunn hefur gefið út tvær ljóðabækur, eina skáldsögu, auk fleiri verka og fléttar nú saman ljóð og olíumálverk í fyrsta sinn. Þetta er önnur málverkasýning hennar og ber heitið Lífríkjandi.

Mygla og raki í tveimur vinnuherbergjum í Sunnulækjarskóla

Foreldrum barna í 5. og 7. bekk Sunnulækjarskóla barst tölvupóstur frá Hermanni Erni Hermannssyni, skólustjóra Sunnulækjarskóla sl. mánudag þar sem fram kom að tveimur vinnuherbergjum hefði verið lokað eftir að mygla fannst undir gólfduki í herbergjunum.

Í tölvupóstinum segir að niðurstöður mælinga, sem gerðar voru í síðustu viku, hafi leitt til þess að loka þurfti tveimur



vinnuherbergjum á neðri hæð í Múla vegna raka og myglu undir gólfduki. Í framhaldi var óskað eftir því að gerð yrði als-

herjarmæling í húsinu svo hægt sé að bregðast við því sem þarf að lagfæra í sumar.

Gígja Marín átti besta frumsamda lagið í Skúrnum

Undanfarnar vikur hafa þættirnir Skúrinn á Vísi, sem kostaðir eru af SS, kynnt sex tónlistarflytjendur sem keppt hafa um bestu útgáfuna af SS pylsulaginu og um besta frumsamda lagið.

Hvergerðingurinn Gígja Marín Þorsteinsdóttir var sú sem bar sigur úr þýtum í keppninni og hlaut eina milljón króna í verðlaun fyrir sigurinn.

„Ég er auðvitað himinlifandi með niðurstöðuna,“ segir hin tvítuga Gígja Marín í tilkynningu frá SS. Gígja Marín segist hafa verið að vinna að tónlist í tvö til þrjú ár, en sigurlagið, I know, er fyrsta lagið sem hún gefur út ein.

„Ég var í unglingahljómsveit fyrir nokkrum árum sem gaf út

eitt lag,“ bætir Gígja við brosandi og segir planið nú vera að hella sér út í tónlistina af fullum krafti.


Út úr Skúrnum og fram í sviðsljósið

„Gígja Marín er lifandi dæmi um það sem Skúrnum var ætlað að gera. Planið var að draga lítt þekkt tónlistarfólk út úr Skúrnum og fram í sviðsljósið þar sem við hin fáum að njóta hæfileika þeirra. Gígja Marín er sannarlega verðugur sigurvegari í þessum hluta keppinnar og lagið frábært,“ segir Hafþór Úlfarsson, deildarstjóri markaðsdeildar SS.

Þrjár útgáfur af pylsulaginu

Keppninni um frumsamda lagið er lokið, en keppnin um bestu útgáfu SS pylsulagsins heldur áfram í ágúst. „Þjóðin, ásamt dómnefnd, hefur nú valið þrjár útgáfur af pylsulaginu til áframhaldandi þátttöku. Í sumar munum við því sýna þrjár mismunandi útgáfur af sömu auglýsingunni fyrir SS pylsur, hver með mismunandi útgáfu af laginu. Þjóðin kys svo sína uppáhalds útgáfu sem verður kynnt um miðjan ágúst,“ segir Hafþór að lokum, en sigurvegararnir í þeirri keppni fá í sinn hlut tvær milljónir króna.





**VIÐ ERUM
FLUTT!**



**OPNUNAR-
PARTÝ**

**VIÐ ERUM FLUTT Á
AUSTURVEG 69! KOMDU Í
OPNUNARPARTÝ FLÜGGER
SELFOSSI 9 & 10. JÚNÍ.**

Komdu við í heimsókn í nýja verslun
Flügger á Selfossi. Fáðu köku, 40%
afslátt og gjafapoka.

Gildir á meðan birgðir endast.



Flügger. COLORS
THAT MATTER

Stekkjaskóli vígður við hátíðlega athöfn

Myndasýrpa frá ljósmyndara Dagskrárinnar



Nemandi bauð uppá gítarundirleik á meðan gestir komu sér fyrir í sætum.



Nemendur úr 5. bekk fluttu leikþátt og tvö lög úr leikritinu Dýrin í Hálsaskógi.



1. bekkur söng fyrir hátíðargesti.



Hilmar Björgvinsson skólastjóri tekur á móti skóflunni sem var notuð í fyrstu skóflustunguna. Það voru þeir Atli Marel Vokes, sviðstjóri mannvirkja- og umhverfissviðs Árborgar, og Sigurður Ólafsson, deildarstjóri framkvæmda- og tæknideildar Árborgar, sem afhentu honum skófluna.



Skólastjórnendur tóku á móti gjöfum frá foreldrafélagi skólans.



Nemandi flytur verk eftir Bach á blokkflautu.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.

Blámaður: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaeld: Sími 482 1944, auglýsingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Í borg þeirra ég brauðið át og brosti hýrt
Enn það smakkar aldinn fyr,
einn í plús er gáfað dýr.

Svar við gátu í blaði 2703: **PÁLL**

1. Páll postuli - 2. Grjótpáll, handverkfæri við jarðvinnslu - 3. og 4. (p)áll



Sunnlenski
matgæðingurinn



Baldvin Hólm Júlíusson er sunnlenski matgæðingurinn að þessu sinni.

Ég þakka honum Heiðari félagu mínum kærlega fyrir skemmtilega áskorun.

Þrátt fyrir að vera einn virtasti Air Fryer kokkur landsins ætla ég að breyta til og deila uppskriftinni að mínum sívinsæla og uppáhalds taco rétti. Þetta er mjög fljótlegt og einfalt ásamt því að vera við hæfi sama hvaða dagur er.



Spicy Rækju tacos

Lime-sósa
½ dl ólífuoía
1 dl vorlaukur
1 dl kóríander
2 hvítlauksgeirar
½ tsk. salt
Safinn úr 2 lime
1 dl sýrður rjómi
½ dl vatn ef þynna þarf sósuna

Sameinið ólífuoíuna, vorlaukinn, kóríander, hvítlaukinn, saltið og sýrða rjómann. Kreistið síðan safan úr 2 lime með. Blandið þessu saman með matvinnsluvél eða blandara. Ef ykkur þykir sósan of þykk skulið þið bæta vatni við.

Kryddblanda

2 tsk. chili-krydd
2 tsk. kúmen
1 tsk. sjávarsalt
½ tsk. hvítlaukskrydd
¼ tsk. cayenne-pípar

Blandið hráefnunum í kryddblanduna í skál og hrærið vel saman.

Rækju taco

½ kg risarækjur
8 tortillur litlar

6 dl hvítkál saxað niður
2 avocado
Fetaostur
Lime sneiðar bornar fram með matnum

Setjið saxað hvítkál í skál. Bætið við það um það bil helminginn af lime sósunni og hrærið saman með skeið eða svipuðum hlut. Hinn helmingurinn af sósunni notum við ofan á tacosið á eftir.

Þurrkið rækjurnar og setjið síðan í skál og blandið kryddblandunni saman við rækjurnar þangað til þær eru orðnar kryddhúðaðar.

Hitið olíu á stórrí pönnu á meðalháum hita. Bætið rækjunum á heita pönnuna og steikið í 5-8 mínútur og snúið þeim öðru hvoru þar til rækjurnar eru eldaðar í gegn.

Raðið síðan í tortillurnar. Þægilegast er að setja stappað avocado fyrst, hvítkálið og rækjurnar svo. Ofan á rækjurnar kemur svo fetaostur, lime og meiri sósa eftir smekk hvers eins.

Berið endilega fram með nachos og ostasósu eða guacamole.

Ég skora á Árna Magnússon eða matreiðslu-Megg eins og hann er oft kallaður. Árni er mjög lunkinn í matargerð og finnst fátt skemmtilegra en að nostra við að tína allar kryddjurtir sjálfur sem hann notar svo hann fer létt með að standast þessa áskorun og galdra fram enn eitt meistaraverkið.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Framlenging á gæsluvarðhaldi



Fyrir helgi féllst dómari við Héraðsdóm Suðurlands á kröfu Lögreglustjórans á Suðurlandi um áframhaldandi gæsluvarðhaldi yfir karlmanni á þrítugsaldri og var gæsluvarðhaldi framlengt til 16. júní nk.

Rannsóknin snýr að andláti

Sofiu Sarmite Kolesnikova, sem fannst látin í heimahúsi á Selfossi í apríl sl. Maðurinn var handtekinn í húsinu og hefur verið í haldi síðan þá, en annar maður sem handtekinn var á staðnum hefur verið leystur úr varðhaldi.

Krafan var gerð á grundvelli rannsóknarhagsmuna, en rannsókn lögreglu beinist að hugsanlegu manndrápi. Segir í tilkynningu frá lögreglunni að rannsókn miði vel og muni halda áfram af fullum þunga.

KRONAN

Íslenska sumarið? Til í þetta

Ritarar skipulags- og byggingarfulltrúa óskast hjá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita bs.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. leitar eftir ritara skipulags- og byggingarfulltrúa með áherslu á skipulagsmál annars vegar í 100% stöðugildi og hins vegar eftir ritara skipulags- og byggingarfulltrúa með áherslu á byggingarmál í 70 - 80% stöðugildi. Undir embættið heyrir skipulags- og byggingarmál sex sveitarfélaga og er það eitt stærsta embætti á sviði skipulags- og byggingamála á landinu. Embættið stendur framarlega í starfrænni þróun á þjónustu og vinnur stöðugt að aukinni skilvirkni og framþróun í starfsemi sinni. Á skrifstofunni starfar samheldinn hópur starfsmanna. Störfin eru lifandi og fjölbreytt og kallar jöfnum höndum á teymisvinnu og einstaklingsframtak.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Móttaka gagna og skjalaumsjón.
- Ráðgjöf og upplýsingagjöf við umsækjendur í síma og tölvupósti.
- Samskipti og bréfaskrif.
- Skráning og meðhöndlun skjala.
- Undirbúningur funda og frágangur.
- Önnur tilfallandi störf í samráði við yfirmann.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá í tal- og ritmáli.
- Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði.
- Þekking á bygginga- og skipulagsmálum er kostur.
- Þekking á ONESystem umsjónarkerfinu er kostur.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Störfin henta öllum kynjum og áhugasöm eru hvött til að sækja um.

Umsóknum skal fylgja starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfi til að sinna starfinu.

Nánari upplýsingar veitir

Nanna Jónsdóttir, skrifstofustjóri - nanna@utu.is - 480-5550

Umsókn skal jafnframt senda á þetta sama netfang. Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 19. júní nk.



Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

Bóklestur er arfur uppvaxtaráranna í Litlu-Sandvík segir lestrarhesturinn Lýður Pálsson

Lýður Pálsson er fæddur árið 1966. Hann er safnstjóri Byggðasafns Árnesinga á Eyrarbakka, búsettur á Selfossi en ólst upp í Litlu-Sandvík. Að loknu stúdentsprófi frá FSu fór hann í sagnfræði við HÍ og lauk þaðan BA-prófi árið 1996 og MA-prófi á hagnýtri menningarmiðlun 2014. Hann hefur starfað við Byggðasafn Árnesinga frá 1992 og er faðir tveggja uppkominn barna og nýorðinn afi.

Hvaða bækur ertu að lesa núna?

Á náttborðinu eru oft nokkrar bækur sem lítið er í á hverju kvöldi. Oft hending hvaða bók verður fyrir valinu hverju sinni. Sú bók sem oftast er gripið í þessa dagana er sagnfræðibók eftir Guðna Th. Jóhannesson, sagnfræðiprófessor (í leyfi) og forseta Íslands og heitir Stund milli stríða. Landhelgismálið 1961-1971. Í upphafi bókarinnar hafði verið samþykkt að færa fiskveiðilandhelgina út í 12 mílur og litu stjórnmálaöflin á Íslandi mismunandi á þá gerð og mikið var deilt. Þetta er allt rakið í þessari góðu sagnfræðibók. Ýmislegt gerðist á þessum áratug í landhelgismálinu bak við tjöldin og á opinberum vettvangi. Guðni forseti leitaði víða fanga, textinn er lipur og umfjöllunarefnið áhugavert. Öll sagnfræði vekur áhuga og eitt-hvað er lesið af sagnfræði á hverju ári. Einnig

er á náttborðinu gömul kennslubók í mannkynssögu frá því um miðja síðustu öld en síðari tíma sagnfræðirannsóknir gera efni hennar stundum undarlegt fyrir sagnfræðing á næstu öld á eftir. Bókin Pabbabrandarar eftir Þorkeel Guðmundsson var lesin að mestu um jólin og alltaf gaman að grípa í hana. Einnig er á náttborðinu stór þykk bók á ensku um undirstöðuatriði safnafræðinnar sem hefur reyndar verið aðal lesefnið í vetur þar sem diploma-gráða í safnafræði er takmarkið og verður landað í júní. Og að lokum Árbók Ferðafélags Íslands 2023 sem er ný komin út. Efni árbókarinnar er Flóinn milli Ölfusár og Þjórsár eftir Ingu Láru Baldvinsdóttur, Magnús Karel Hannesson og Jóhann Óla Hilmarsson. Það er bók sem ætti að vera skyldulesning á hverju sunnlensku heimili. Efnistökin eru hreint frábær og þeir sem lesa þessa bók verða margs vísari um staðhætti og sögu þessa flata svæðis með einstæða fjallasýn. Það er ekki skautað fram hjá neinu.

Ýmsar bækur bíða lesturs frá því um síðustu jól eins og bók Kristínar Svövu Tómasdóttur um Farsóttarhúsið, bók Árna Snævarr um Dýrafjarðarmálið í upphafi 20. aldar, bók Árna Árnasonar gamals kaupmanns í Litlu-Sandvík um landnámsmanninn Ingólf Arnarson og bók Margrétar Júlíu Rafnsdóttur um föður sinn Rafn Júlíusson, þau feðgin eru afkomendur langa-langafa míns Þorvarðar Guðmundssonar í Litlu-Sandvík. Þannig að af nógu er að taka. Af ólíkum ástæðum hafa þessar bækur ratað á náttborðið og þær vekja áhuga hver á sinn hátt.

Hvers konar bækur höfða helst til þín?

Þær bækur sem helst höfða til mín eru skáldsögur af öllu tagi, æviminningar og sagnfræði. Bókalestur er því oftast, frekar en hámhorf í sjónvarpi.

Varstu alinn upp við lestur bóka?

Lestur er stór partur af mínu lífi, arfur uppvaxtaráranna í Litlu-Sandvík en foreldrarnir voru bókelskir með afbrigðum. Mamma las fyrir okkur systkinin en ég man ekki svo vel hvaða bækur það voru nákvæmlega, jú myndskreytt bók um Búkollu og önnur eftir minnileg barnabók um mann með mjög langan háls. Bækurnar voru margar. Síðar komu myndasögubækurnar til skjalanna og Ástríkur, Lukku-Láki og Tinni voru lesnir aftur og aftur. Uppáhalds barnabækurnar eru Elsku Míó minn og Bróðir minn Ljónshjarta báðar eftir Astrid Lindgren. Dásamlegar barnabækur. Mín börn nutu einnig bókalesturs sem var hluti af uppeldinu.

Hvað einkennir svo lestrarvenjurnar?

Lesið er á kvöldin eftir að erli dagsins er lokið. Lögð er áhersla á að klára þær bækur sem byrjað er á hvort sem þær er góðar eða vondar. Sumar bækurnar eru lengi á náttborðinu á meðan einstaka bók er afgreidd á einu kvöldi. Stundum er gert hlé á lestri þykkra bóka á meðan gripið er í eitthvað léttmeti.

Einhverkir uppáhaldshöfundar?

Nei enginn sérstakur uppáhaldshöfundur. Jú ég les allt eftir Halldór Laxness, Sigurð A. Magnússon, Guðjón Friðriksson, Hallgrím Helgason, Þórunni Jörðu Valdimarsdóttur, Auði Jónsdóttur og Lilju Sig-



urðardóttur. Bækur Hallgríms Helgasonar 60 kg af sólskini og kjaftshöggum eru dásamlegar. Þær voru lesnar í vetur. Þetta er svona sitt lítið af hverju og sýnir ef til vill að bókmenntasmekkurinn er frekar víðfemur.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Í nóvember gerðist það síðast. Þá var byrjað á endurminningabók Guðna Ágústssonar um æskuárin í Hraungerðishreppi. Lestur hófst kl. tíu að kvöldi og bókin lesin spjaldanna á milli til klukkan þrjú um nóttina. Þessi næturlestur var ekki fyrirhugaður en bókin segir svo skemmtilega frá Flóanum, fólki og atburðum og sögurnar það litríkar að ekki var hægt að leggja hana frá sér fyrr en hún var búin. Guðni er auðvitað einn okkar fremsti sagnamaður. Ýmsar spennusögur eða óvenjulegar grípandi skáldsögur hafa í gegnum tíðina líka rænt svefni.

En að lokum Lýður, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Jú, draumurinn er að verða rithöfundur en verð varla meira en skúffuskáld. En hver veit? Það yrðu sögulegar skáldsögur þar sem atburðir og umhverfi væri þekkt en svo yrði fyllt upp í eyðurnar og tengt við tíðarandann. Draumurinn er að skrifa svona bækur í ellinni þegar safnavafstri lýkur. Menntunin hefur falist í því að koma frá sér texta. Fram að þessu hafa einungis tvær sagnfræðibækur verið skrifaðar af minni hendi, önnur um elsta og sögufrægasta timburhús Suðurlands og hin um farsælan lækni á Eyrarbakka og Selfossi.

Hugmyndir að vænlegum lestrarhestum sendist á jonozur@gmail.com

Komdu pallinum og öllu hinu tréverkinu í sumarbúning með
VISTVÆNNI VIÐAR pallaolíu og viðarvörn frá **Slippfélaginu**.
VISTVÆNN VIÐAR er betri fyrir umhverfið.

**SLIPPFÉLAGIÐ**

Austurvegi 58, Selfossi, s: 482 1250

Opíð:

8-18 virka daga og **10-14** laugardaga

slippfelagid.is

**SLIPPFÉLAGIÐ**

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

SUMMAR- HATÍÐ

Frábær tilboð 8.-11.júní

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengi.
Tilboð gilda til 8.11.júní, eða á meðan birgðir endast.



-25%
AF ÖLLUM
REIÐHJÓLUM

*Ekki rafmagnshjólum



-25%
AF ÖLLUM
RAFMAGNS-
GARÐVERKE.

*Ekki Honda



-25%
AF ÖLLUM
GARÐ-
HÚSGÖGNUM



-25%
AF ÖLLUM
GRILLUM



-25%
AF ÖLLUM
TRAMPÓLÍNUM



-25%
AF ALLRI
PALLAOLIU



Pylsur og Candyfloss
í verslun BYKO
laugardaginn 10. júní
milli 13 og 15



-25%
AF ÖLLUM
SUMAR-
BLÓMUM



-25%
AF ÖLLU
EINHELL



-25%
AF ÖLLU
TACTIX



-25%
AF ÖLLUM
LEIKFÖNGUM



-25%
AF ÖLLUM
BLÓMA-
POTTUM



**Til sölu eða leigu 68,5 m² bil
til afhendingar strax í Breiðarmýri 3**

S: 893 4609
haukur@ggtre.is
www.ggtre.is



Afmæli

Í tilefni af 70 ára afmæli mínu 7. júní býð ég til smá fagnaðar föstudaginn 9. júní milli 19.00 til 23.00 í Hvítahúsinu á Selfossi.



Vinir og ættingar velkomnir og ég afþakka gjafir

Sjáumst
Þórir Lingdal Þórarinnsson

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Skeggjastaðir land 17 - Deiliskipulag

Tillagan tekur til landareignarinnar, Skeggjastaðir land 17, L199780. Gert verður ráð fyrir 150 m² íbúðarhúsi ásamt 50 m² geymslu, gestahúsi eða gróðurhúsi á 0,7 ha. svæði. Einnig verður heimilt að byggja 150 m² skemmu eða úti-hús. Heildarbyggingarmagn er 350 m² og mænishæð er allt að 6,0 m miðað við gólfkóta.

Deild - Deiliskipulag

Deiliskipulagið tekur til þriggja 500 m² íbúðalóða við Deild. Á hverri lóð verður heimild fyrir allt að 150 m² íbúðarhúsi, 100 m² gestahúsi og 75 m² skemmu eða gróðurhúsi. Hámarks mænishæð íbúðarhúss er 6,0 frá botnplötu en annarra húsa er 4,0 m. frá botnplötu.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 8. júní 2023. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemd til 19. júlí 2023. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir

Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa

Rocky Horror í Þjóðleikhúsið

Sýning Leikfélags Vestmannaeyja á Rocky Horror sem hlaut nýverið styrk frá SASS, Samtökum Sunnlenskra Sveitafélaga og heppnaðist svo snilldarlega vel að sýningin var kosin áhugaverðasta sýning áhugamannaleikhúsa leikárið 2023 af Þjóðleikhúsinu.

Leikfélag Vestmannaeyja er orðið 113 ára gamalt og rötgróið í menningu eyjanna. Leikfélagið hefur að undanförmu þróað með sér þann sið að eiga samtal við samfélagið út frá verkum og hefur það verið vinsæl nálgun. Leikfélag Vestmannaeyja er að jafnaði alltaf með tvær sýningar á hverju ári, barnaleikrit á haustin og fullorðins leikrit á



vorin. Félagsmenn fagna því nú og sýna sýningu á flottasta leikhússviði allra landsmanna Þjóðleikhúsinu laugardaginn 10. júní næstkomandi klukkan 19:00.

Lifandi tónlist er undir leikverkinu og er það í höndum tveggja manna úr hljómsveitinni Molda ásamt vel völdum listamönnum þeim Birgi Nielsen á trommur, Sigurmundi Einarsyni á saxófón, Kristni Guðmundssyni á gítar og Páli Viðari Kristinssyni á hljómborð.

Einnig er vel við hæfi að nefna svona fyrir höfðustu aðáendur Rocky Horror að þetta verk var fyrst sett upp í Royal Court leikhúsinu í West End

hverfi Lundúnaborgar fyrir n.k. 50 árum.

Nú er hægt að tryggja sér miða á tix.is og fólk verður að vera með snör handtök þar sem miðar fara mjög hratt.

Áhorfendur allir eru hvattir til að taka þátt í sýningunni, syngja með og leyfa öllum kyngerðum mörkum að þjóta út um gluggann og skemmta sér konunglega.

Góða skemmtun

Ingveldur Gjaldkeri L.V.
Jórunn L. og Birta Marínós.
Félagsmenn

Frábær árangur á Vormóti Fjölnis í frjálsum íþróttum

Nokkrir krakkar tóku þátt á Vormóti Fjölnis í frjálsum í vikunni en sumarstarfið er nú að fara í gang á fullum krafti.

Eitt HSK met var sett og flestir voru að bæta sinn persónulega árangur í mörgum greinum.

Hugrún Birna Hjaltadóttir, Selfossi, 15 ára, stórbætti sig í 400m hlaupi er hún varð í öðru sæti á 62,31 sek. Hún varð einnig þriðja í sínum flokki í langstökki með 4,84m, hljóp á sínum besta tíma í 100m hlaupi, 13,62 sek og bætti árangur sinn í kúluvarpi.

Hjálmar Vilhelm Rúnarsson, Selfossi, 15 ára, bætti árangur sinn í öllum greinum sem hann tók þátt í. Hann sigraði 100m hlaup á 12,82 sek, langstökk með 5,80m og kúluvarp með 14,18m. Í stangarstökki varð hann í þriðja sæti með 2,80m.

Ívar Ylur Birkisson, Dímon, 15 ára, keppti í 3 greinum. Hann varð í 2. sæti í 100m á 12,08 sek og 3. sæti í langstökki með 5,31 m og 3. sæti í kúluvarpi með 11,37 m en það var bæting um rúman metra.

Bryndís Embla Einarsdóttir, Selfossi, 14 ára, bætti sig og sigraði í kúluvarpi með 10,70m, hún varð önnur í langstökki með 4,89m og í 100m hlaupi bætti hún sig um rúman 2 sekúndur er hún hljóp á 13,39sek.

Anna Metta Óskarsdóttir, Selfossi, 13 ára, setti HSK-met í 13 ára flokki þegar hún hljóp 400m grind á 80,14 sek og varð í þriðja sæti. Hún bætti sig einnig í langstökki með 4,87m og varð í öðru sæti, hún varð einnig önnur í 100m hlaupi á 14,01sek.

Adda Sóley Sæland, Selfossi, 13 ára, sigraði kúluvarp örugglega þegar hún kastaði 10,16m



sem er henni besti árangur. Hún bætti sig einnig í langstökki með 4,57m.

Magnea Furuheilm Magnúsdóttir, Dímon, 12 ára keppti í 3 greinum, kúluvarpi með 6,69 m, langstökki með 4,25 auk þess var hún að keppa í fyrsta sinn í 100m hlaupi en hún hljóp á 14,48 sek.

Árborg fellir niður leikskólagjöld vegna verkfalla FOSS

Sveitarfélagið Árborg hefur tilkynnt það að leikskólagjöld verði felld niður vegna skerðingar á vistun barna hjá leikskólum Árborgar sökum verkfalls FOSS, en félagar sem greiða til FOSS, félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi sem starfa hjá leikskólum Árborgar, hafa undanfarnar vikur verið í verkföllum.

Starfsemi leikskóla hefur

verið skert þá daga sem verkfallið hefur staðið yfir sem hefur leitt af sér að ekki hefur verið hægt að bjóða öllum börnum uppá fulla vistun.

Ekki sér fyrir endan á verkföllum og mánudaginn 5. júní hófu allir félagsmenn FOSS sem starfa í leikskólum verkfall sem stendur til 5. júlí, náist ekki að semja.

Til að koma til móts við

foreldra í Árborg hefur verið ákveðið að fella niður gjöld vegna vistunar fyrir þann tíma sem foreldrar hafa fengið tilkynningu um að barnið geti ekki mætt.

Foreldrar fá jafnframt endurgreiðslu vegna skerts vistunartíma í maí um næstu mánaðarmót.

TM

Þú færð okkar besta verð á tm.is

Á tm.is og í TM appinu getur þú
gengið frá öllum tryggingum
hvar og hvenær sem þér hentar.

Hugsum í framtíð

Orkusýningin í Ljósafofsstöð

└ Kraftmikill og skemmtileg sýning við Úlfljótuvatn,
í um 50 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.
Aðgangur er ókeypis.

Sýningin er opin alla daga í sumar frá kl. 10-17
[Landsvirkjun.is/orkusyning](https://landsvirkjun.is/orkusyning)

Auglýsing um skipulasmál í Sveitarfélaginu Árborg

Árbakki - Deiliskipulagsbreyting

Samkvæmt 3. mgr. 41. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar, vegna breytinga á deiliskipulagi íbúðabyggðar í landi Árbakka, Árborg.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 28.04.2023, tillögu að breyttu deiliskipulagi íbúðarbyggðar í landi Árbakka, Árborg.

Bókun Bæjarstjórnar Árborgar:

Máli frestað á 17. fundi bæjarstjórnar þann 26. apríl 2023: Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi 18.1.2023, tillögu að breyttu deiliskipulagi íbúðabyggðar í landi Árbakka. Deiliskipulagssvæðið tekur til um 20ha svæðis. Í breytingartillögu er gert ráð fyrir u.þ.b. 550 íbúðum, sem er fjölgun upp á 263 íbúðir frá gildandi deiliskipulagi. Þær skiptast í grófum dráttum þannig að tæplega 20% íbúðanna verða á sérbyli, og rúmlega 80% íbúðanna verða í fjölbýlishúsum. Gert er ráð fyrir íbúðabyggð með almennum íbúðum, þ.e. íbúðir í fjölbýlishúsum, raðhúsum, parhúsum og einbýlishúsum. Einnig er gert ráð fyrir lóð undir leikskóla. Deiliskipulagsbreytingin er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Árborgar 2020-2036. Tillagan hefur verið auglýst í samræmi við 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010, í Fréttablaðinu, Dagskránni og Lögbirtingarblaði 25. janúar 2023, með athugasemdafresti til 8. mars 2023. Tillagan var einnig aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins Árborgar. Umsagnir og athugasemdir bárust frá eftirtöldum umsagnaraðilum: Landsneti, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Vegagerðinni, Eldvarnareftirliti Brunavarna Árnæssýslu, RARIK og Minjastofnun. Þá bárust athugasemdir og ábendingar frá Tómasi Ellert Tómassyni, Hreini Óskarssyni, Sæunni I. Sigurðardóttur, Birni Baldurssyni, Hildi Hödd Stefánsdóttur og Arnari Páli Arnarsyni. Tekin hafa verið saman í skjali tillögur að svörum til þeirra sem gáfu umsagnir og þeirra sem gerðu athugasemdir, og hafa skipulagsgögn verið uppfærð til samræmis við það. Helstu athugasemdir og ábendingar frá umsagnaraðilum og einstaklingum eru talin upp hér að neðan. Helstu atriði umsagnaraðila: Helstu athugasemdir Umhverfisstofnunar varða loftmengun og loftgæði. Ábendingar Vegagerðarinnar snéru að málsetningum að byggingarreitum, og hljóðvörnum, auk flóðavarna með nýjum Suðurlandsvegi. Rarik nefnir loftlínur á svæðinu. Minjastofnun tekur fram að fornleifum stafi ekki hætta af framkvæmdum, með tilvísun í skýrsu Bygðasafns Árnesinga „Aðalskráning fornleifa í Árborg“. Ábendingar og athugasemdir Tómasar Ellerts Tómassonar snéru að: 1. Flóðahættu 2. Grundun og byggingarhæfi deiliskipulagssvæðisins 3. Loftgæði 4. Hljóðvist 5. Hæð og stærðir fjölbýlishúsa Ábendingar og athugasemdir Hreins Óskarssonar: Nýtingarhlutfall lóða. Bendir á misræmi í texta varðandi flóðasvæði/kjallara, sem er ekki heimilt í gildandi Aðalskipulagi Árborgar. Gerir athugasemd við hæðir húsa, þær séu ekki í samræmi við t.d. deiliskipulag Grænuvalla. Bendir á jarðlög lóðar við Árveg. Lýsir yfir áhyggjum af umferðarpunga inn í hverfið og áhrif á núverandi byggð. Ábendingar og athugasemdir Sæunnar I. Sigurðardóttur og Björns Baldurssonar: Lýsa yfir áhyggjum af umferðarálagi og hæð húsa á svæðinu. Ábendingar og athugasemdir Hildar Hödd Stefánsdóttur og Arnars Páls Arnarsonar: Gera athugasemd við lóðina Þórisvað 2, hæð húss, og hugsanlega fjölda íbúða. Einnig lýsa þau áhyggjum af umferðarálagi. Skipulagsstofnun gerði athugasemdir í bréfi dags 28.4.2022 vegna fyrri auglýsingar á deiliskipulagsbreytingu fyrir Árbakka, þar sem komu fram ábendingar um að auglýsa þyrfti tillöguna að nýju. Að ósamræmi væri við þágildandi Aðalskipulag Árborgar vegna hæðar húsa á svæðinu. Að heppilegt væri að áfangaskipta uppbyggingu svæðisins. Bent er á aðgengi við Selfosslínu 1, vegna fyrirhugaðra áforma um niðurrif hennar. Þá er bent á atriði er varðar bílakjallara, og samræmi þeirra við Aðalskipulag Árborgar. Loks er bent á að þar sem ekki liggi endanleg hönnun á Suðurlandsvegi og vægi hans í flóðavörnum, sé ekki ljóst hvort vegurinn muni virka sem flóðavörn. Lagt er til við bæjarstjórn að samþykkja deiliskipulagsbreytinguna og tillögu að svörum við athugasemdum.

Bragi Bjarnason, D-lista tekur til máls. Viðbrögð Bæjarstjórnar Árborgar við athugasemdum Skipulagsstofnunar: Bæjarstjórn Árborgar bendir á að Aðalskipulag Árborgar 2020-2036, hefur tekið gildi og er tillagan nú í samræmi við það. Fyrirliggjandi tillaga gerir ráð fyrir áfangaskiptingu og verður ekki hafist handa við síðari hluta svæðis fyrr en raflínur hafa verið fjarlægðar. Þá er ekki gert ráð fyrir bílakjöllurum í tillögunni. Varðandi þjóðveg 1, sem flóðavörn, er ljóst að nýr þjóðvegur liggur hátt í landinu og mun hafa áhrif á flóðavarnir á svæðinu. Ekki hafa verið gerðar mælingar eða líkön á virkni vegarins m.t.t til hugsanlegra flóða á svæðinu. Bæjarstjórn Árborgar þakkar fyrir innsendar umsagnir og ábendingar/athugasemdir frá umsagnaraðilum og einstaklingum. Bæjarstjórn samþykkir samantekt af svörum og viðbrögð sem hafa verið sett upp í skjali sem fylgigagn með skipulagsgögnum. Bæjarstjórn Árborgar samþykkir deiliskipulagsbreytinguna í samræmi við 43.gr. skipulagslaga, og felur skipulagsfulltrúa að senda tillöguna Skipulagsstofnun til afgreiðslu skv. 42. gr. sömu laga. Þá felur Bæjarstjórn skipulagsfulltrúa að svara þeim sem gáfu umsagnir og þeim sem gerðu athugasemdir. Tillagan er samþykkt með 6 atkvæðum bæjarfulltrúa D-lista og Á-lista, bæjarfulltrúar S-lista og B-lista sitja hjá undir atkvæðagreiðslu. Sigurjón V. Guðmundsson, S-lista leggur fram eftirfarandi bókun: Í ljósi athugasemda við deiliskipulag það sem hér er til umfjöllunar leggja undirrituð til að í öllum samningum sem snúa að framkvæmdum á deiliskipulagssvæðinu verði tryggt að sveitarfélagið Árborg muni ekki verða fyrir ófyrirséðum kostnaði vegna mengunar, hávaða, flóðahættu eða af öðrum þáttum sem óvissa er um. Meðan ekki liggur fyrir hvaða aukakostnaður getur fallið á sveitarfélagið Árborg vegna umhverfisaðstæðna á umræddu deiliskipulagssvæði sitjum við hjá við afgreiðslu deiliskipulagsins. Arna Ír Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi S-lista, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, bæjarfulltrúi S-lista. Arnar Freyr Ólafsson, B-lista leggur fram eftirfarandi bókun: Í ljósi núverandi fjárhagsstöðu sveitarfélagsins Árborgar þá teljum við í Framsókn að innheimta þurfi innviðagjöld af íbúðabyggð í landi Árbakka. Sér í lagi þegar um er að ræða aukningu frá fyrri byggingaráformum um 263 íbúðir. Arnar Freyr Ólafsson, bæjarfulltrúi B-lista og Elly Tómasdóttir, bæjarfulltrúi B-lista. Hlé gert á fundi kl. 16:13. Fundi fram haldið kl. 16:20.

Virðingarfyllst,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi



Heiðar Snær dúx úr FSu

Það var margt um manninn við vorútskrift nemenda FSu föstudaginn 26. maí. Enda 146 nemendur að ljúka bóknaði, listnámi og verknámi. Aldrei í sögu skólans hafa fleiri nemendur útskrifast í einu. Útskriftardagur er alltaf gleðidagur með föstu skipulagi þar sem ræður eru fluttar og hefðbundinn annáll starfseminnar, prófskrifteini afhent og viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í námi og félagslífi, lög leikin og ljóð sungin, fullorðnir kennarar og annað starfsfólk kvatt eftir áralöng og gifturík störf.

Fjölbreytni skólastarfsins og framboð menntunar verður augljóst þegar listinn yfir námsbrautir er skoðaður og felast í einkunnarorðum skólans sem eru fjölbreytni, sköpun og upplýsing. Flestir útskrifast af opinni námslínu til stúdentsprófs eða 40 nemendur, 28 nemendur af húsasmíðabraut, 14 af rafvirkjabraut, 12 af náttúrufræðilínu, sérnámsbraut og vélvirkjabraut eða samtals 36 nemendur, 7 af félagsgreinalínu og 6 af listalínu, 6 samtals af hestalínu og íþróttalínu, og 6 í heildina af alþjóðalínu, viðskipta- og hagfræði línu og stúdentslínu eftir starfsnám.

Of langt yrði að telja þá alla upp sem hlutu viðurkenningar en DÚX skólans að þessu sinni varð Heiðar Snær Bjarnason sem hlaut auk þess viðurkenningu fyrir afburða námsárangur í rafvirkjun. Sérstök raungreinaviðurkenning Háskólans í Reykjavík kom í hlut Sigurðar Karls Sverrissonar og menntaverðlaun Háskóla Íslands hlaut Sigríður Fjöla Þórarinsdóttir. Viðurkenningu og fjárstyrk Hollvarðasamtaka skólans úr hendi 50 ára stúdentsins Veru Óskar Valgarðsdóttur hlutu Heiðar Snær Bjarnason, Dröfn Sveinsdóttir og Kristjana Ólafsdóttir. Tónlistin var flutt undir stjórn Stefáns Þorleifssonar kórstjóra þar sem hluti kórmeðlima söng vorljóð Jóhannesar úr Kötlu Vikivaka og tvær af efnilegri söngróddum skólans, Elísabet Björgvinsdóttir og Sigurður Matthías Sigurðsson sungu hvort sitt lagið af stakri þrýði.

Í annál aðstoðarskólameistara Sigursveins Sigurðssonar kom fram að 1136 nemendur voru skráðir til náms í upphafi vönnar þar af 116 nemendur í

garðyrkju og tengdum greinum að Reykjum í Ölfusi og 73 nemendur í fangelsum landsins. Skráning annálsins sem er sá 84. í sögu skólans miðar að því að draga fram í dagsljósið það mikilvæga skólastarf sem lúrir að baki hefðbundinni kennslu. Má þar nefna afburðarárangur nemenda í Gettu betur, gestakomur í skólann, vettvangsferðir nemenda, tónleikahald kórsins, opin hús nemenda, sýningahald á myndlist, samstarf við evrópska skóla og kennslufræðilega endurmenntun kennara.

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir formaður skólanefndar FSu lagði sérstaklega út frá hugtakinu hugrekki í ræðu sinni og skoðaði það í fjölbreytilegu ljósi með nemendum að viðmiði. Olga Lísu Garðarsdóttir skólameistari bæði heilsaði og kvaddi nemendur og dró meðal annars fram mikilvægi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna en með þau markmið hefur verið unnið í skólastarfi FSu á umliðnum árum. Hér er átt við þau markmið sem miða að því að auka jafnrétti allra, draga úr fátækt, tryggja mannréttindi, stöðva eyðingu lífvera, auka frið í heiminum og umhverfisvernd og stuðla að sjálfbærni svo nokkuð sé nefnt. Fulltrúi nýstúdenta Kristín Ósk Guðmundsdóttir talaði um hversu miklu máli áhuga-drifnir og glaðir kennarar skipta í skólastarfi og minnst líka á reynslubolta í kennslu sem hafa kennt mörgum kynslóðum innan sömu fjölskyldu og uppskar bros á vörum og hlátur í röddum.

Á útskriftardegi fléttast saman menntun og menning, tilhlökkun og tregi, stolt yfir stöðnum einingum og árangri í námi, hugleiðing um horfin veg og hvað sé handan hæðarinnar en umfram allt ósk okkar allra um bjarta framtíð. Hefð er fyrir því að vitna til hins nafnlausa skólaskálds í lok hvers annáls og að þessu sinni lagði það út af dimmisjón kláranna sem birtust sinn síðasta kennsludag í órans lituðum samfestingi til að kveðja kennara sína og starfsfólk:

Reglurnar reyndust þeim strangar.
Það reikuðu um gangana fangar.
Í einlægri sátt
þeir útskrifast brátt
og aðhafast allt sem þá langar.

JÖZ



Mynd: FSu



Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944 - prentmetoddi.is
selfoss@prentmetoddi.is



Sólgler með styrk
fylgja kaupum á
margskiptum gleraugum.



GLERAUGNA
GALLERÍ

Eyravegi 7 s: 482 1144

Söngsveit Hveragerðis auglýsir eftir söngstjóra frá september 2023 til maí 2024.

Söngsveit Hveragerðis er blandaður kór sem æfir á þriðjudagskvöldum í Hveragerðiskirkju milli klukkan 19.30 - 21.30.

Áhugasamir hafi samband við formann kórsins, Gunnvöru Kolbeinsdóttur í síma 865-6297 eða á netfangi gunnvor@hveragerdi.is fyrir 24.júní 2023



Sérfræðistörf á Suðurlandi

Vegna aukinna verkefna viljum við bæta við okkur öflugum starfsfólki á starfsstöð okkar á Selfossi. Við leitum eftir einstaklingum með menntun á sviði bygginga eða véla. Við höfum áhuga á jákvæðum einstaklingum sem hafa metnað, sýna frumkvæði og sjálfstæði í starfi og elga auðvelt með að vinna með öðrum.

Störfin fela í sér að sinna hönnunarverkefnum á breiðu sviði innan mannvirkjagerðar, fjölbreyttri alhliða ráðgjöf ásamt eftirliti með verkframkvæmdum. Unnið er með breiðum hópi viðskiptavina s.s. opinberum fyrirtækjum, stofnunum, sveitarfélögum og einkaaðilum.

- Verkfræðingur / tæknifræðingur / byggingarfræðingur
- Reynsla af hönnun og ráðgjöf
- Kunnátta í teikniforritum t.d. AutoCad, Revit eða Civil 3D

Umsóknarfrestur er til og með 19. júní 2023

Nánari upplýsingar veita Áslaug Ósk Alfreðsdóttir sérfræðingur í mannauðsmálum, aoa@verkis.is og Ari Guðmundsson útibússtjóri, arg@verkis.is



VIÐ BYGGJUM UPP SAMFÉLÖG

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði. Yfir 350 manns starfa hjá fyrirtækinu að fjölbreyttum verkefnum á Íslandi og erlendis. Verkís er með útibú í öllum landshlutum. Það er metnaður stofunnar að veita staðbundna þjónustu sem víðast á landinu með stuðningi annarra sérfræðinga.



FUNDIR



Krabbameinsfélagið

opið mán 11 til 15
miðv.11 til 15
föstud.11 til 14.
s.4821022 gsm 7880300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krukus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholti 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu
tilboð í auglýsingar í
blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddý ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

Sumarhúsaþjónusta
Almenn verktaka
Efnisflutningar
Jarðvinna

Hafið samband í síma 892 7598
eða á orngunn@gmail.com

Finnið okkur
á Facebook



Ö.G. Verk

Smiður óskar
eftir verkefnum

Smiður getur tekið að sér viðhald
í heimahúsum og sumarhúsum á
höfuðborgarsvæðinu, Selfossi
eða Hveragerði. Dagvinna,
kvöldvinna og/eða helgarvinna.
Parket, flísar, samsetning á eld-
húsinnréttingum, gips, málun
o.fl. Nánari uppl. í síma 777
2265.

Flóra og fuglar við Sogið

Náttúrufræðingarnir Rann-
veig Thoroddsen og Einar
Þorleifsson munu leiða léttu
og skemmtilega fræðslugöngu
um Þrastaskóg á milli kl 14-16
næstkomandi laugardag, 10.
júní. Litið verður eftir foldar-
skarti í skógarbotni og lagt við
hlustir eftir fuglasöng á grein
eða kvaki á Soginu.

Gangan er létt og hentar allri
fjölskyldunni. Hún hefst við Al-

viðru og að lokinni göngu er
boðið upp á kaffi/kakó
og kleinur í Alviðru.
Alviðra er í Ölfusi,
undir Ingólfsfjalli.

Í sumar stendur
Alviðra fræðslu-
setur Landverndar
fyrir tveimur öðrum
skemmtilegum við-
burðum, Jónsmessugöngu
á Ingólfsfjall frá Alviðru undir



leiðsögn Tryggva Felixssonar
þann 24. júní og við-
burðinn Líffræðileg
fjölbreytni – lykill-
inn að farsælli fram-
tíð, dagskrá á vegum
Náttúruminjasafns
Íslands þann 26.
ágúst.

Þátttaka í sumardag-
skrá í Alviðru er gjald-
frjálsg og öllum opin.

KIRKJUR

Selfosskirkja

Messa sunnudaginn 11. júní kl.
11:00. Kirkjukórinn leiðir söng.
Morgunbænir þriðju-, miðviku-
og fimmtudaga kl. 9:15.

Laugardælakirkja

Guðsþjónusta sunnudaginn 11.
júní kl. 14:00. Organisti Guð-
mundur Eiríksson, almennur
safnarsöngur.

Skálholtskirkja

Messa 11. júní í kl. 11:00.

Þingvallakirkja

Messa í 11. júní kl. 14:00.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyrangei 67, Selfossi, 10. júní.
Bíblíulexíur kl. 11 og guðsþjón-
usta kl 12, Kristján Ari Sigurðsson
prédikar. Verið velkomin.

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

SHS
Þrif og flutningar



Tökum að okkur regluleg þrif fyrir
sumarhús, hótél, gistiheimili og
fyrirtæki. Almennar ræstingar, auka
þrif og ýmis önnur þjónusta.

Erum staðsett á Suðurlandi.
Gerum tilboð
sem hentar þínum þörfum.

Hægt er að nálgast frekari
upplýsinga í síma 792-1727
eða í tölvupóst á
hshflutningar@gmail.com

SHS þrif og flutningar ehf.
er fyrirtæki með persónulega þjónustu
sem er með 10 ára reynslu í þrifum
og flutningum.

Sunnlenskir
FASTEIGNAMOLAR



Hvert er hlutverk afsals?

Afsal er undirritað við loka-
greiðslu. Afsal er lokauppgjör
fasteignakaupa sem staðfestir
að kaupandinn eigi fasteignina
að fullu eftir undirritun afsals.

Kaupandi eignast í
raun eignina sem
hann festi kaup á
við kaupsam-
ning en telst
samt sem áður
ekki eigandi
að fullu fyrir en
að afsal hefur
verið undirritað
og því þinglýst.
Þegar kaupandi fast-
eignar hefur greitt seljanda
alla umsamda upphæð í
kaupsamningi fær hann afsal
fyrir eigninni. Yfirleitt er afsal
haldið um 45-60 dögum eftir
afhendingu nema um annað
hafi verið samið um og kemur
það þá fram í kaupsamningi.

Ástæða þess að afsal er
haldið nokkru síðar eftir af-
hendingu, er til að tryggja

það að t.d. fasteignagjöld og
húsfélagsgjöld séu komin á
réttan aðila. Samhliða afsali
er lögskilauppgjör undirritað,
þar sem þessi gjöld eru gerð
upp á milli kaupanda og
seljanda. Skipting
gjalda miðast
almennt við
afhendingu.
Einnig er
beðið með af-
salsgreiðslu
í þennan tíma
svo kaupandi
geti áttað sig á
eigninni ef einhverjar
athugasemdir kunna að
vera við ástand hennar.

Þú þarft að vera afsalshafi
til að geta selt eignina aftur og
líka til að geta tekið lán á eign-
ina þína eða endurfjármagnað
lánin þín.

Elín Káradóttir,
lögildur fasteignasali,
BYR fasteignasala



Austurmörk 7, 810 Hveragerði
Sími 483 5800
byr@fasteignasala.is
www.byrfasteignasala.is

Við prentum ljósmyndir
honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum
okkar getur þú pantað
ljósmyndaprentun í
öllum algengustu
ljósmyndastærðunum.

SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER





Mynd frá fyrri keppni. Mynd: Aðsend.

Salomon Hengill Ultra í Hveragerði

Utanvegahlaupið Salomon Hengill Ultra fer fram í Hveragerði um helgina og verða fyrstu keppendur ræstir klukkan 08:00 á föstudagsmorgun og hlaupinu lýkur svo undir lok dags á laugardag. Skipuleggjendur búast við um 900 þátttakendum og koma þeir frá að minnsta kosti 27 mismunandi þjóðlöndum. Hlaupið er núna haldið í ellefta sinn en það var fyrst haldið árið 2012. Hægt er að velja um sex mismunandi vegalengdir í Hengil Ultra, allt frá 5 km upp í 161 km.

Þátttakendur frá 27 löndum skráð til leiks
Salomon Hengill Ultra er hluti af Víkingamóta röðinni og er unnið í miklu og nánú samstarfi við bæjaryfirvöld í Hveragerði, Hjálparsevritina í Hveragerði og fjölmargar deildir Ungmennafélagsins Hamars enda útheimtir mótið mikið magn starfsfólks og stendur undirbúningur fyrir það nánast allt árið. Í dag eru 99 erlendir þátttakendur skráðir til leiks og þau koma frá 27 mismunandi löndum. Flest þeirra eru frá Bretlandi eða tuttugu, þá eru átján skráð til leiks frá Bandaríkjunum og tólf fulltrúar hlaupa undir grænenskum fána. Þá eru níu Frakkar og sjö Danir meðal þátttakenda en allt danska landsliðið hljóp í Hengil Ultra árið 2022.

Sölusýning og bæjarhátíðarbragur í hjarta Hveragerðis
Mótsmiðjan er í hjarta Hveragerðis við bæjarskrifstofurnar en þar er rásmark allra vegalengda. Skátarnir í Hveragerði verða með hoppukastala og afþreyingu fyrir yngstu áhorfendurnar. Bylgjulestin verður í bænum í tengslum við mótið og þá verður haldin sölusýning í Íþróttahúsinu í Hveragerði, svokallað Hengils Expo en þar er sýndur og seldur varningur sem tengist utanvegahlaupum og útivist og hægt er gera þar góð kaup og er hún opin frá 17:00 á föstudegnum og frá 07:00 um laugardagsmorguninn.



Mynd: Aðsend.


Bein útsending frá mótinu
Mótið verður í beinni útsendingu á samfélagsmiðlum mótsins og á Vísir.is. Stjórnendur útsendingarinnar verða dagskrárgerðarfólkið Ósk Gunnarsdóttir og Garpur Ingason Elísabetarson og munu þau njóta atfylgis sérfræðinga bæði hérna heima og í Innsbruck Stubai. Tæknilegir stjórnendur útsendingarinnar eru tæknimenn frá Skjaskoti.

Margir landspekktir þátttakendur
Meðal keppenda í ár er okkar þekktasti utanvegahlaupari Elísabet Margeirsdóttir, þá er Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir meðal keppenda. Elísabet var fyrst kvenna til að klára 106 km brautina í Hengil Ultra árið 2017 og Ragnheiður fyrst kvenna til að klára 161 km brautina í Hengil Ultra árið 2021. Þá taka einnig þátt hlauparar eins og Búi Steinn Kárasen sem var fyrstur karla til að klára 161 km hlaupið árið 2021 og Sigurjón Ernir Sturluson hlaupabjálfi skráðir svo einhverjir séu nefndir til sögunnar.

Heimsmeistaramótið í utanvegahlaupum á sama tíma í Austurríki
Nokkrir af bestu hlaupurum landsins verða þó fjarverandi í ár því á sama tíma fer fram heimsmeistaramótið í utanvegahlaupum í Innsbruck Stubai í Austurríki og verður útsending Hengils Ultra í beinu sambandi við liðstjóra landsliðsins þar og fær myndbönd og fréttir frá liðinu beint þaðan. Útsendingin verður því alger utanvegahlaupaveisla fyrir alla sem hafa gaman af utanvegahlaupum hvar sem þeir eru staddir í heiminum.

Kortir í þjóðhátíð

Það er sjaldnast lognmolla í starfi Lúðrasveitar Þorlákshafnar og sveitin hefur verið ötul í starfi þetta fyrsta almennilega starfsár eftir Covid og ýmis skemmtileg verkefni, stór sem smá, hefðbundin og óhefðbundin, verið á dagskrá. Þann 16. júní nk., svo gott sem korteri fyrir þjóðhátíðardag Íslendinga, verður lúðrasveitin með léttleikandi sumartónleika þar sem útgangspunkturinn er að koma fólki í hressandi hátíðarskap. Efnisskráin ber þess keim þar sem hún er að stórum hluta byggð á íslenskum dægurlögum í gegnum tíðina, lögum sem Íslendingar elska að dilla sér með, syngja með og verða angurværir í nostalgíukasti og minningum. Þetta 35 manna band býr yfir miklu hæfileikafólki og munu 10 meðlimir stíga



Túbuleikarinn knái, Kristján Þór Ingvason, er einn þeirra sem þenja mun raddböndin á tónleikunum og hann ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur!
á stokk og hefja upp raust sína í hluta efniskráarinnar. Það eru þau Aðalbjörg Halldórsdóttir, Anna Margrét Káradóttir, Daði Þór Einarsson, Emilía Hugrún Lárusdóttir, Jón Óskar Guðlaugsson, Kristján Þór Ingva-

son, María Jónsdóttir, Sigrún Birna Þórarinsdóttir, Sirrý Fjola Þórarinsdóttir og Þuríður Róbertsdóttir Darling. Stjórnandi er Daði Þór Einarsson. Tónleikarnir verða haldnir í Versölum í Ráðhúsi Ölfuss í Þorlákshöfn þann 16. júní sem fyrr segir og hefjast kl. 20:30. Áhorfendaform í sal verður nokkuð óhefðbundið fyrir lúðrasveitartónleika eða það sem lúðrasveitar meðlimir kjósa að kalla „pokátónleika“ þar sem einskonar kaffihúsastemning mun ráða ríkjum. Það þýðir sum sé að engin veitingasala verður á staðnum og fólk kemur bara með sitt með sér hvað svo sem það er! Miðaverð er 3.500 kr. og miðasala á tix.is. Ágústa Ragnarsdóttir, formaður LB

„Einhvers konar ytri köllun“

Selfyssingurinn Dagur Fannar Magnússon, sóknarprestur í Skálholtsprestakalli, var einn þriggja presta sem hlaut flestar tilnefningar til vígslubiskups í Skálholtsumdæmi. Dagur Fannar tók tilnefningunni og er því, ásamt Sr. Örne Grétarsdóttur og Sr. Kristjáni Björnssyni, sem nú gegnir embættinu, í framboði til vígslubiskups í Skálholtsumdæmi.

Dagur Fannar er að líkindum sá yngsti sem hlotið hefur þessa tilnefningu frá því embættið var sett á laggirnar árið 1909. Tilnefningum lauk þann 2. maí síðastliðinn og kosningu lýkur á hádegi, þann 12. júní næstkomandi, og verður fljótlega upp úr því ljóst hvert þeirra þriggja sem tilnefnd voru, kemur til með að gegna vígslubiskupsembættinu í Skálholtsumdæmi.

Blaðamaður Dagskrárinnar brá sér af bæ og heimsótti Dag Fannar í Mosfelli, þar sem hann er búsettur ásamt konu sinni og börnum. Aðspurður um vígslubiskupsembættið segir Dagur Fannar að upphaflega hafi það verið sett á laggirnar í þeim tilgangi að komast hjá því að sækja biskupsvígslu úr landi. „Þetta gerðist í sjálfstæðisbaráttunni, þegar fólki þótti ómögulegt að hugsa til þess að hingað kæmu danskir eða norskir biskupar til þess að vígja íslenskan biskup. Þess vegna voru þetta prestar sem fengu biskupsvígslu til þess að vígja nýjan biskup og það er í raun og veru upprunalega hlutverkið og ætti kannski bara að vera eina hlutverkið, því núna er þetta orðið frekar útblásið embætti og kostar svakalega mikinn pening. Mín hugmynd er sú að það ætti að sameina þetta við sóknarprestsembættið aftur. Það eru tveir vígslubiskupar, einn á Hólum og annar í Skálholti og svo er biskup Íslands. Vígslu-



Dagur Fannar Magnússon, sóknarprestur í Skálholtsprestakalli. Mynd: Dagskráin/HGL

biskupar eru hluti af biskupaembættinu, þegar biskup Íslands fer úr landi er sá sem hefur hærri vígsluvaldur settur biskup.“

Trúin óx í guðfræðideildinni
Þegar Dagur Fannar er spurður hvað leiddi til þess að hann endaði í guðfræði felur hann andlitið í höndum sér og svarar svo: „Þetta er svo erfið spurning. Þetta eru svo margir samhangandi þættir sem toguðu í mig. Ég held að besta svarið sé bara einhvers konar ytri köllun. Ég fékk ekki mjög trúarlegt uppeldi, ég fór í sunnudagaskólann sem barn en ætlaði síðan ekki að fermast. Svo bara einhvern veginn fer maður að velja þessu fyrir sér og endar inni í guðfræðideild og trúin bara vex þar. Þegar maður er með hausinn ofan í þessu allan daginn alla daga þá kannski eðlilega gerist eitthvað.“

Sitjandi biskup og öryggisventill
„Ef ég á að vera alveg hrein-skilinn þá þarf í rauninni ekkert vígslubiskupa lengur, og það er líka umræðan innan kirkjunnar. Eins og með Skálholt og Hóla, sem eru gamlir biskupsstólar, ég held að þetta sé svolítið tilfinningalegt mál að það sitji biskupar þar og að þetta séu dómkirkjur. Þess vegna er kannski

allt í lagi að vera með biskupstitil á staðnum þannig að þetta sé dómkirkja en þetta embætti er orðið alveg gríðarlega stórt og mikið og kostar mikla mikla peninga og það finnst mér óþarfi. En það eru mjög margir prestar á þeirri línu að það eigi að leggja þetta niður, og með sameiningu þessara tveggja embætta væri hægt að dansa þennan milliveg, allavegana til að byrja með. Nú fæ ég bara að fabúlara, það er ekki í mínu valdi. En til framtíðar þætti mér upplagt að það væri vígslubiskup á Hólum og að biskup Íslands sæti hér í Skálholti. Ég held að það væri bara flottast. Þá værum við alltaf með sitjandi biskup og öryggisventil,“ bætir Dagur Fannar við. „Ég held það sé í takt við tíðarandann að vígslubiskupar þurfi skilgreindara hlutverk. Miklu frekara væri að tala um Græna biskupinn, að embættið hafi það skilgreinda hlutverk að fara fram í nafni umhverfismála. Þjóðkirkjan er ein stærsta breiðfylking landsins og því væri eðlilegt að hún héldi áfram að ljá málefnum rödd sína og þrýsting. Rödd unga fólksins hefur mikið vægi í þessum málaflokki, enda koma þau til með að erfa jörðina,“ segir Dagur Fannar að lokum. HGL

Útskrift hjá Menntaskólanum að Laugarvatni

Fjórða systkinið sem dúxar úr ML

Brautskráning fór fram frá Menntaskólanum að Laugarvatni laugardaginn 27. maí 2023 og voru 45 nemendur útskrifaðir. Af Félags- og hugvísindabraut 23 stúdentar og 22 af Náttúrfræðibraut, útskrift var haldin í Íþróttahúsinu á Laugarvatni.

Dúx nýstúdenta var Skírnir Eiríksson með einkuninni 9,03. Skírnir er frá Gýgjarhólskoti og gaman að segja frá því að öll eldri systkin hans hafa einnig dúxað við útskrift frá ML, þau Ögmundur, Jón Hjalti og Þjóðbjörg. Margt er líkt með skyldum. Skírnir hlaut ýmsar viðurkenningar fyrir nám sitt við skólann og að auki raunvísindaverðlaun Háskólans í Reykjavík.

Sesselja Helgadóttir frá Selfossi var semi-dúx nýstúdenta en hún hlaut meðal annars Menntaverðlaun Háskóla Íslands fyrir góðan árangur á stúdentsprófi og eftirtektarverð störf í félagslífi Menntaskólans. Skírnir var einnig dúx scholae en semi-dúx scholae var Emma Ýr Friðriksdóttir frá Höfn í Hornafirði, nemandi í fyrsta bekk Náttúruvísindabrautar.

Ár hvert veitir Styrktarsjóður Kristins Kristmundssonar og Rannveigar Pálsdóttur viðurkenningu fyrir góðan árangur á stúdentsprófi í formi fjárstyrks. Þetta árið fengu viðurkenningu



Jóna Katrín skólameistari ML og Skírnir Eiríksson dúx nýstúdenta og dúx scholae. Skírnir er sá fjórði í röð systkina sem hefur dúxað við útskrift frá ML. Mynd: ML.

Laugarvatni en á henni var ansi skemmtilegur menntapólitískur blær og höfðu viðstaddir gaman af. Við lok athafnarinnar var fráfandi skólameistari, Halldór Páll Halldórsson, kvaddur með gjöf frá skólanum og starfsmannafélagi skólans, STAMEL. Voru honum og færðar hinar bestu þakkir fyrir störf við skólann.

Boðið var til kaffisamsætis í húsakynnum Menntaskólans að athöfn lokinni og voru nýstúdentar, gestir þeirra og júbílantar boðnir velkomnir. Þegar líða tók á daginn hófust endurfundir

arárgangur 1978 gaf hann til skólans.

Að lokum vill Menntaskólinn að Laugarvatni og allt hans starfsfólk óska nýstúdentum 2023 innilega til hamingju með góðan árangur og velfarnaðar í öllu því sem framundan er.

Menntaskólinn að Laugarvatni

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

SEASTONE EHF
KRANABÍLAPJÓNUSTA
SÍMI 898 9960



HREINGERINGA-
Þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppehreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Freint um allt Suðurland

BRÁÐ AF VINATTU!



Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert 
kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþjónustur - Almennar raflagnir

Rétting
og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyirn.is

Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

NÝTT

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

HREINSITÆKNI

Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun

Hellismýri 9, 800 Selfoss
sselfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar **Vilmundur**
Guðmundsson **Sigurðsson**
Sími 694 4922 Sími 779 6777

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Útskriftarhópur ML vorið 2023. Mynd: ML.

þau Skírnir Eiríksson, Sesselja Helgadóttir og Guðmundur Hilmar Hannesson, en Guðmundur er frá Kolbeinsá 1 í Hrútafirði. Er þeim óskað innilega til hamingju með árangurinn.

Rannveig Pálsdóttir, önnur stofnenda styrktarsjóðsins, var viðstödd útskriftina og voru styrkþegar myndaðir með Rannveigu og Jónu Katrínu skólameistara ML.

Fyrir hönd 20 ára júbílanta mælti Eyþór Sigurðsson en fyrir hönd nýstúdenta mælti fyrrum stallari, Óskar Snorri Óskarsson. Báðir ræðumenn vöktu sérstaka athygli fyrir frækilega frammistöðu. Ræða Óskars er birt á heimasíðu Menntaskólans að

júbílanta en NEMEL, nemendasamband útskrifaðra nemenda frá Menntaskólanum að Laugarvatni, fær leyfi skólameistara til að hittast að brautskráningu lokinni í húsakynnum skólans. Eru þetta hinir mestu endurfundir og mikil gleði við völd.

Sérstakar þakkir sendir skólinn útskriftarárgöngum sínum fyrir veglegar gjafir sem þeir færðu skólanum sínum sem voru fjárstyrkir til tækjakaupa í nýja verkgreinastofu, gjafir til styrktarsjóðs Rannveigar og Kristins, áletraður granítbekkur sem staðsettur er við móti sólu undir suðurvegg skólans og svo bekkur til minningar um Guðjón Elísson sem féll frá árið 2021 en bekkjarfélagar hans, útskrift-